



Námsgrein / heildstætt verkefni:
Íslenska

Tímabil: Skólaárið 2025-2026

Námsmarkmið:

Að nemendur nái aukinni færni í lestri og lesskilningi. Skilji aðalatriði í texta og geti spáð fyrir um framhaldið. Þekki aðalatriði málfræðinnar: nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Þekki grunnreglur í stafsetningu og geti skrifað texta með upphafi, meginmáli og niðurlagi. Jafnframt eiga nemendur að geta tekið virkan þátt í umræðum og farið eftir samskiptareglum.

Námsþættir:

- **Lestur:** lesfimi og lesskilningur, áhersla er lögð á jákvætt viðhorf til lestrar og að nemendur geti bæði lesið sér til gagns og gamans.
- **Málfræði:** unnið með nafnorð, sagnorð og lýsingarorð: sérnöfn/samnöfn, eintala/fleirtala, kyn nafnorða, andheiti/samheiti, nútíð/þátíð, fallbeyging, stigbreyting, samsett orð, stofn orða, stafrófið, skammstafanir og greinamerki.
- **Stafsetning:** stór/lítill stafur, ng/nk reglan, n/nn reglan, hv/kv reglan, orð með y, ý og ey.
- **Ritun:** uppbygging og samhengi í texta, þekki og geti nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag.
- **Orðtök, málshættir og rím.**
- **Talað mál og hlustun:** hlustun og framkoma, að nemendur geti tekið þátt í umræðum og farið eftir samskiptareglum ásamt því að hlusta með athygli á upplestur.

Kennsluaðferðir:

Innlagnir frá kennara, einstaklingsvinna, para- og hópavinna. Jafningjafræðsla þar sem nemendur leiðbeina hver öðrum. Samþætting við aðrar námsgreinar.

Námsefni/kennslugögn:

- Orðspor 2 lesbók og vinnubók
- Bókmenntir: Fólkið í blokkinni, Ertu Guð, afi?, Kollhnís
- Málrækt 2
- Bækur fyrir yndislestur
- Annað efni frá kennara

Námsmat

- Matsferill, Orðarún (lesskilningur) lesfimipróf, og Aston Index (stafsetningarpróf)
- leiðsagnarmat
- símat
- áhugi og vinnusemi
- umsögn frá kennara